
51. Oddný G. Harðardóttir (Svar på replik)

70% markmið Dana er mjög metnaðarfullt. Evrópusambandið er að tala um 55% og sumir eru enn að vinna með 40%. Þegar Benedikt Erlingsson tók við norrænu kvikmyndaverðlaununum hér í fyrra sagði hann eitthvað á þá leið við okkur stjórnámálamennina: Nú þurfið þið að lofa minna af öllu, minna af kjöti, minna af ferðalögum, minna af dóti en við þyrftum í staðinn að lofa meira af ást. Er ráðherrann ekki sammála mér í því að það er vit í þeim skilaboðum? Við þurfum að lofa minna af öllu og við þurfum einhvern veginn að standa saman um það. En vonandi fáum við í kaupbæti meiri umhyggju og meiri jöfnuð.

Skandinavisk overættelse:

Danmarks 70 procentmål er meget ambitiøst. EU taler om 55 procent, og nogle arbejder stadigvæk med 40 procent. Da Benedikt Erlingsson modtog Nordisk Råds Filmpris her i 2018 sagde han noget i denne retning til os politikere: Nu bør I love mindre af alt, mindre kød, mindre rejser, mindre junk, det eneste, vi måtte love mere af, var kærlighed. Er ministeren enig med mig i, at der er fornuft i dette budskab? Vi bør love mindre af alt, og vi må være fælles om det på en eller anden måde. Forhåbentlig får vi mere omsorg og større lighed i tilgift.

Information

Speech number

51

Speech type

Svar på replik

Person

[Oddný G. Harðardóttir](#)

Speaker role

Den socialdemokratiska gruppen

Date

29.10.19 16:05

